

Fundur 17.4.2023 Þorsteinn Guðjónsson.

Komið þið sælir félagar.

*Já blessaður og sæll.*

Of langt er síðan ég kom í sambandið og hef ég alltaf reynt að koma öðru hvoru, Þorsteinn Guðjónsson.

*Sæll.*

Sæll vertu sonur og vil ég sérstaklega senda kveðju frá Sveini Víkingi.

*Ég skila þeirri kveðju.*

Ég vona að þið hafið það sem best og það er góður Nýalssinna straumur frá þeim og hefur hjálpa honum að komast yfir og sendir þeim frændum bestu kveðjur og vona að það takist sem þarf að takast að koma í betra lag.

Og lýsi ég sérstaklega ánægju með það að Helgi komst í sambandið síðast.

Og vil ég gjarnan hafa fleiri fundi, en það getur verið erfitt að halda fullu streymi góðra sambanda, það getur eitthvað komið upp á öðru hvoru og truflað en hefur þó gengið nokkuð vel á heildina litið og erum ánægð með það.

Og erum þess mjög fylgjandi ef hægt er að fá þennan miðil til að funda oftar.

Og fleiri miðla jafnvel, höfum reynt að opna þá sem flesta en það getur verið erfitt að hitta á þá sem eru tilbúnir að öllu leiti og með alla hæfileika sem gera þetta mögulegt.

En erum mjög ánægð hér að unnt hafi verið að halda starfinu áfram nokkurn veginn á fullum dampi miðað við það sem var hér áður fyrr.

Ég minnst þess að þú spurðir mig eitt sinn, hvort ég gæti sagt frá nýjungum í stjórnufræðinni, er það ekki rétt?

*Jú.*

Ég get sagt ykkur frá því að, þið kannist við það vandamál að stjórnugeimurinn sem blasir við augum manns um stjórnubjarta nótt eða kvöld, lítur ekki eins út og augu mann sjá aftur í tímann eins og þið vitið, og stjórnugeimurinn lítur út eins og hann var, miðað við þá fjarlægð sem stjórnumarnar eru í.

*Já.*

En hér er fram kominn búnaður sem breytir þessu á skjám hjá okkur og getum við reiknað fram breytingar og erum þess full viss að hjá ykkur komi fram þessar tækni nýjungar áður en mjög langt um líður, væntanlega.

Og ber það saman við sterkari sjónauka og slík tæki.

Það er mjög skemmtilega mjög líklegt.

Já bróðir þinn biður sérstaklega að heilsa ykkur.

*Takk fyrir það.*

Og aðrir ættingjar hér, já og ég vildi segja frá því og við höfum stundum átt í erfiðleikum með fundina og stjórn fundanna þar sem mismunandi sambönd hafa komið í gegn, sem ekki eru öll

æskileg, en það eru stilli áhrif sem geta valdið því og gamlir hópar, kirkjunnar menn sem um tíma, lenti hér í útistöðum við suma.

Og fylgdi það Jahve og hans liði, en komum við kannski að því síðar, er nokkuð langt síðan ég hef verið með erindi og hef ég ekki misst áhugan á öllum þeim viðfangsefnum sem ég sinnti á jörðinni og hef ég stundum verið með ræður tilbúnar og leitt að ég hef komið sjaldnar en ég hef viljað og eru það nokkur viðfangsefni sem væri gaman að fjalla um, en.

*Það væri mjög gaman.*

Já, það eru enn hér margir sem vilja komast að í vetur en við sjáum til hvernig það gengur.

Við viljum gjarnan hafa sem flesta fundi næsta vetur ef þið komið því við, en ég vildi einnig útskýra það að við erum ekki alveg laus undan helstefnu áhrifum kirkjunnar og hafið þið orðið vör við það í vetur býst ég við.

Að stundum koma inn sambönd sem ekki eru skipulögð, af okkur beint, heldur troðast að, ef svo má segja.

En Sveinn er nú orðinn býsna öflugur og teljum við að hann geti komið í gegn, en okkur finnst sem miðillinn hafi ekki fulla trú á hæfileikum sínum, en vonum að úr því verði bætt og munum reyna að efla fjölskylduna eins og ykkur öll.

Og vil ég að lokum áður en ég kveð ykkur að sinni, óska að þið haldið nokkra fleiri fundi ef hægt verður að koma að fleiri samböndum áður en frí verður tekið.

*Já.*

Vil ég einnig senda kveðju, kæra kveðju frá, það er eiginkona Þorláks og Ingvar og

*Takk fyrir það.*

Og móðir Ólafs og næ ekki að nefna og það eru fleiri fleiri og fleiri ættmenni sem ég næ ekki að nefna, móðir eins sem situr hér nálægt miðlinum og fleiri sem vilja skila kveðju til sinna ættingja.

En þið hugsið til þeirra og við reynum að koma þeim að ef hægt er, en þakka ég fyrir að sinni og þökkum fyrir ágætan fund, verið þið sælir.

*Þakka þér fyrir að koma, sæll, blessaður.*